

Gæðastefna

1. Inngangur

Tilgangur gæðastefnunnar er að setja fram áherslur Landsvirkjunar í gæðamálum.

Landsvirkjun veitir framúrskarandi vöru og þjónustu, hlítir þeim kröfum sem gerðar eru til fyrirtækisins, skuldbindingum sem það hefur undirgengist og hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi. Stefna er sett af forstjóra Landsvirkjunar.

2. Gildissvið

Stefna gildir fyrir alla starfsemi móðurfélags Landsvirkjunar.

3. Hugtakaskilgreiningar

Á ekki við.

4. Stefna

Landsvirkjun veitir framúrskarandi vöru og þjónustu af fullnægjandi gæðum í samræmi við kröfur og væntingar viðskiptavina. Fyrirtækið er í virkum samskiptum við viðskiptavini sína, leggur sig fram um að skilja starfsumhverfi þeirra og sýnir sveigjanleika í viðskiptum.

Til að tryggja gæði vöru og þjónustu Landsvirkjunar leggur fyrirtækið áherslu á að tryggja áreiðanleika eigin starfsemi með skilvirkni og öryggi að leiðarljósi. Fyrirtækið hlítir einnig öllum innri og ytri kröfum sem eru gerðar til þess og leggur kapp á stöðugar umbætur með kerfisbundinni rýni og endurmati á frammistöðu.

5. Mælikvarðar

- Ánægja viðskiptavina
- Samningsskuldbindingar miðað við samningsgetu
- Tiltæki véla

6. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð innleiðingu stefnunnar.

Landsvirkjun framkvæmir innri og ytri úttektir og hefur þar með eftirlit með rekstri. Fyrirtækið sinnir reglubundnu eftirliti í viðhaldskerfi, sívöktun á ferlum og stjórnendur rýna frammistöðu stjórnunarkerfisins.

7. Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf um árangur og eftirlit með gæðastefnu fer fram með reglubundnum hætti þar sem framkvæmdastjórn rýnir stöðu ofangreindra mælikvarða ásamt öðrum lykilmælikvörðum fyrirtækisins.

Önnur upplýsingamiðlun er meðal annars í gegnum samskiptamiðla fyrirtækisins og á starfsmannafundum.

8. Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu forstjóra.

04.04.2023

Forstjóri Landsvirkjunar